

## 9. fundur stjórnar Stjórnstöðvar ferðamála (SF)

haldinn þriðjudaginn 4. apríl 2017 kl. 9:30

Fundarstaður: Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, Skúlagötu 4

---

### Viðstaddir:

*Stjórnarmenn:* Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, ferðamála-, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, formaður, Benedikt Jóhannesson, fjármála- og efnahagsráðherra, Björt Ólafsdóttir umhverfis- og auðlindaráðherra, Jón Gunnarsson samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, Björgólfur Jóhannsson, formaður Samtaka atvinnulífsins, Grímur Sæmundsen, formaður Samtaka ferðaþjónustunnar, Helga Árnadóttir, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, Þórir Garðarsson, varaformaður Samtaka ferðaþjónustunnar.

Halldór Halldórsson formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga og Sigrún Blöndal, formaður SSA boðuðu forföll á fundinn.

*Aðrir:* Gylfi Ólafsson (FJR), Kristján Skarphéðinsson (ANR), María Reynisdóttir (ANR), Ólafur Teitur Guðnason (ANR), Óskar Jósefsson, framkvæmdastjóri SF, Steinar Kaldal (UAR) og Sigrún Brynja Einarsdóttir (ANR) sem ritaði fundargerð.

---

### Dagskrá:

#### 1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar var lögð fram og samþykkt. Hún verður birt á vef ANR.

#### 2. Starfsreglur stjórnar

Farið var yfir fyrirleggjandi drög að starfsreglum stjórnar. Ferðamálaráðherra upplýsti að vegna forfalla fulltrúa sveitarfélaganna væri ekki stefnt að samþykkt þeirra á yfirstandandi fundi. Rætt um mögulegar breytingar á drögunum og ANR falið að vinna þær áfram fyrir næsta fund.

#### 3. Áreiðanleg gögn, framhaldsverkefni

Framkvæmdastjóri fór yfir tillögur að framhaldi þriggja verkefna undir hattinum „Áreiðanleg gögn“ og minnti á að árið 2016 voru 150 m.kr. settar í vinnslu áreiðanlegra gagna á þeim grundvelli að ferðaþjónustan byggji ekki yfir nægjanlegum gögnum um eigin starfsemi. Þrjú þeirra tíu verkefna sem sett höfðu verið af stað kölluðu á framhald og gert hefði verið ráð fyrir 100 m.kr. í rannsóknir á fjárlögum ársins 2017. Verkefnin eru eftirfarandi:

- Talning og dreifing ferðamanna: Þarf að halda áfram að vinna því annars liggur ekkert fyrir um þróun, bara ein ljósmynd. Árið 2016 fóru 14,2 m.kr. í verkefnið
- Umsvif/áhrif ferðaþjónustu - útgjaldakannanir: Þarf að halda áfram til að ná samfellu. Snýst ekki um hagrænar tölur heldur það að átta sig á atferli ferðamannsins og samspili hans við náttúruna. Rætt að mikilvægt væri að setja þannig upp að hægt væri að vinna áfram með gögnin. Árið 2016 fóru 9 m.kr. í verkefnið.
- Vöruhús gagna/mælaborð ferðaþjónustunnar: Þetta er verkefni sem skapar umgjörð utan um allar upplýsingar sem aflað hefur verið og þarf að eiga heimilisfesti og búa við stöðuga fjármögnun. Rætt um mögulega heimilisfesti hjá Hagstofunni, Ferðamálastofu eða skrifstofu ferðamála í ANR. Einnig rætt um tengingu og afstöðu einstakra stofnana til upplýsingamiðlunar af þessu tagi. Árið 2016 fóru 15 m.kr. í verkefnið. Stóra spurningin er hvernig ætti að koma þessum upplýsingum fyrir til framtíðar en í millitíðinni gæti jafnvel farið betur á því að það yrði vistað í ANR og þá sem hluti af endurskoðun á stjórnsýslu ferðamála. Framkvæmdastjóra falið að ræða málið nánar við Hagstofuna en ljóst er að hagræni hluti verkefnisins fellur vel að starfsemi hennar en vöktunarhlutinn ekki.

#### 4. Sviðsmyndagreining – framhald

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir tillögu um nýtt verkefni í framhaldi af sviðsmyndagreiningu frá 2016 sem ætlað væri að reyna að meta „jafnvægisástand“ í fjölda ferðamanna, þ.e. greina stöðuna frekar með það að markmiði að samhengi þess fjölda ferðamanna sem hægt væri að taka á móti og afkastageta samfélagsins liggja fyrir. Þetta þarf m.a. að skoða í samhengi við vinnumarkaðinn og innviði almennt, sem og samfélagsleg, náttúruleg og efnahagsleg þölmörk til framtíðar. Kostnaður við verkefnið er metinn á ca. 10 m.kr. Samþykkt að fara af stað með verkefnið.

#### 5. Fyrirkomulag gjaldtöku (sérleyfa) vegna afnota á stöðum í opinberri eigu

Framkvæmdastjóri ræddi um vinnu varðandi gjaldtöku á opinberum stöðum fyrir ferðaþjónustuaðila (þjónustusérleyfi) og mögulegan samstarfsvettvang þar sem hagaðilar gætu sest saman í stýrihóp. Ferðamálaráðherra gerði grein fyrir því að minnisblað fjármálaráðherra um útfærslu á þessu hefði verið rætt í rákisstjórn en það ferli sem þar væri lagt upp með gæti tekið lengri tíma. Hugmyndin hér er að skipa stýrihóp sem

nær á stuttum tíma yfir stöðuna. Umhverfisráðherra sagði að þessi vinna væri þegar hafin í UAR varðandi Silfru með það að markmiði að sérleyfi væru veitt á grundvelli öryggissjónarmiða og sjónarmiða um ágang á náttúruna. Rætt um mikilvægi samráðs sem væri hlutverk SF og að aldrei yrði til nein heildarlausn fyrir alla staði í eigu ríkisins en jafnframt að þjóðgörðum þyrfti að setja eigendastefnu. Eins var rætt um það hverjir gætu átt tilkall til slíkra sérleyfa og hvort byggja ætti slíkar leyfisveitingar á fyrri störfum.

Helga Árnadóttir óskaði eftir svohljóðandi bókun:

„Í ljósi fréttu síðustu daga um enn auknar álögur á greinina er sérstaklega mikilvægt að horft sé á þetta verkefni sem álagsstýringar- og gæðaverkefni en ekki sérstakt gjaldtökuverkefni. Í því samhengi er afar mikilvægt að litið sé til rekstrarumhverfis fyrirtækjanna sem og rekstrarlegra burða þeirra til að mæta mögulegum opinberum kvöðum“.

Niðurstaða umræðnanna var að myndaður yrði hópur nánar tiltekinna aðila, m.a. frá FOR, sem ætlað væri að hafa yfirsýn og gæti miðlað sjónarmiðum inn í hvert ráðuneyti fyrir sig.

## 6. Staða annarra verkefna

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir eftirtöldum verkefnum:

a. *Forgangsverkefni, staða og framvinda (verkefnisyfirlit, ábyrgðaraðilar og framkvæmdatími)*

Það sem hér stendur út af væri einkum 60 m.kr. kostnaður við vegútskot sem væri ófjármagnaður auk þess sem formlega ætti eftir að ganga frá aukinni landvörslu árið 2017 sem þó lægi fyrir að yrði eflid. Sérstaklega rætt um hlutverk landvarða og möguleikann á því að útvíkka hlutverk þeirra með n.k. „löggæsluheimild“ til að stýra ferðamönnum. Samgönguráðherra gerði grein fyrir því að það væri í skoðun hjá Vegagerðinni hvað hægt væri að gera fyrir sumarið sem yrði þá tekið af viðhaldsfé til að hrinda útskotsverkefnum í framkvæmd. Ferðamálaráðherra gerði grein fyrir að hún væri að vinna að lausn á salernismálum fyrir sumarið með Vegagerðinni og myndi fjármagna það af ráðstöfunarfé ársins 2018. Rætt um þörf á að þetta verði framkvæmt hratt og örugglega. Ákveðið að framkvæmdastjóri taki eftirfylgni að sér og gefi skýrslu til stjórnar.

b. *Fyrirkomulag við vinnslu hagrænna gagna og rannsóknir*

Vísast til umræðna undir dagskrárlið 3.

c. *Úttekt Deloitte á skiptingu skatttekna ríkisins.*

Verkefnið verður kynnt á fundi 2. maí nk.

d. *Gagnagrunnsverkefni.*

Vísast til umræðna undir dagskrárlið 3, verkefnið verður kynnt á ráðstefnu 4. maí.

e. *Áreiðanleg gögn.*

Verkefnið verður kynnt á ráðstefnu 4. maí.

f. *DMP.*

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir því að verkefnið væri komið á fleygiferð með þekkingaryfirfærslu frá ráðgjafa og fundum með sveitarstjórnunum.

g. *Stjórnsýsla ferðaþjónustunnar.*

Ráðgjafi hefur lokið sinni vinnu, afraksturinn er til skoðunar og frekari ákvarðanatöku hjá þar til bærum aðilum. Verður kynnt stuttlega á fundi SF 2. maí.

## 7. Önnur mál

Rætt um framtíðarfjármögnun verkefnisins Hæfni og gæði í ferðaþjónustu og tryggingu til lengri tíma. Rætt um hvar Hæfnisetrið ætti heima og ferðamálaráðherra lýsti þeirri skoðun sinni að best færi á því að verkefnið yrði vistað í ANR. Huga þyrfti að frekari útfærslu. Samhljómur var meðal fundarmanna um mikilvægi verkefnisins. Þá var gerð grein fyrir því að ríkisendurskoðun hefði hafið forkönnun á því hvort ráðist yrði í stjórnsýsluúttekt á stjórnsýslu ferðamála, m.a. út frá því að markmið og hlutverk aðila væru á köflum óskýr.

Fleira var ekki gert. Fundi slitið kl. 10:50.